



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/989*  
*komudagur 25.1.2010*

LHG/003/9,6/ DS/sig  
Reykjavík 21. janúar 2010.

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um  
lögskráningu sjómanna, þskj. 279, 244. mál á 138. löggjafarþingi.

Landhelgisgæslan sendi umsögn um frumvarpið eins og það var lagt fyrir á 136. löggjafarþingi. Svo virðist sem tillögur Landhelgisgæslunnar sem fram komu þá hafi ekki verið teknar inn í frumvarpið sem nú er til skoðunar. Þær tillögur voru eftirfarandi (með smá viðbót):

**1. gr.**

Markmið frumvarpsins er m.a. að tryggja sönnun í öryggisskyni þannig að vitað sé hverjir eru um borð t.d. þegar skips er leitað eða það er í hættu statt. Þetta hlutverk frumvarpsins mætti koma berum orðum fram í 1. gr. – þ.e. að lögin séu sett fram til að tryggja öryggi skipverja.

**3. mgr. 4. gr.**

Orðalagið „vera um borð“ má skilja þannig að menn eigi að afskrást um leið og þeir stíga frá borði. Skipstjórar dagróðrabáta yrðu þá væntanlega að láta afskrá sig þegar þeir fara frá borði og heim til sín til að hvíla sig eftir róður. Þannig yrðu þeir að lögskrást og afskrást á hverjum einasta degi. Þetta gæti reynst helst til viðurhlutamikið fyrir þá.

Aths. nú: Ef hugmyndin er ekki að dagróðramenn þurfi að lögskrá sig á hverjum degi og afskrá, þá þarf að orða ákvæðið öðru vísi. Í dag er mismunandi hvernig sjómenn túlka ákvæði um afskráningu. Sumir túlka það þannig að þeir geti verið lögskráðir dögum saman ef þeir eru að vinna um borð, þótt skipið sé ekki í förum - á siglingu. Lögskráningardagar eru ætlaðir til að telja siglingadaga sem veita sjómönnum margvísleg réttindi. Það er mikilvægt öryggisins vegna að menn geti ekki fengið metna siglingadaga fyrir tíma er þeir voru ekki á siglingu. Jafnframt getur þetta skipt máli varðandi sjómannaafslátt. Það er því mikilvægt að ákvæði þetta sé orðað eins skýrt og mögulegt er. Ekki síst þar sem brot gegn ákvæðinu getur varðað refsingu.

**f. liður 1. mgr. 7. gr.**

Landhelgisgæslan telur að það fari vel saman við önnur verkefni stofnunarinnar að annast lögskráningu að því tilskildu að fjármagn fái til að sinna því. Það verkefni gæti farið vel saman við verkefni stjórnstöðvar LHG/vaktstöðvar siglinga þar sem vakt er 24 tíma sólarhringsins og gæti styrkt aðra starfsemi sem þar fer fram. Vandamál við færslur inn í kerfið koma þá ekki að sök hvað björgunarþáttinn varðar.

Mjög misjafnt er milli embætta lögskráningarstjóra hversu langan tíma tekur að færa upplýsingar inn í kerfið og í sumum tilfellum er sá tími of langur. Það getur t.d. verið erfitt fyrir eftirlits- og björgunaraðila að fá réttar upplýsingar þegar aðeins er fært inn í kerfið á virkum dögum. Landhelgisgæslan telur nauðsynlegt að kveða á um í lögunum eða reglugerð með þeim hver hámarkstími má vera frá því að upplýsingar um lögskráningu berast uns þær upplýsingar eru

færðar inn í kerfið. Að öðrum kosti nær frumvarpið ekki að þjóna tilgangi sínum.

**1. mgr. 8. gr.**

Kveðið er á um að starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands sé heimilt að fara um borð í íslensk skip á siglingu. Rétt er að þarna komi fram að Landhelgisgæslan megi fara um borð í íslensk skip á sjó og jafnvel í höfnum ef því er að skipta enda getur það komið sér vel á stöðum þar sem hvorki er fulltrúi lögreglu né eftirlitsaðila í landi.

Aðrar athugasemdir sem ekki hafa komið fram áður eru eftirfarandi:

**2. mgr. 4. gr.**


Í þessari málsgrein segir að ef skipstjóri getur ekki gengið frá lögskráningu áður en skip yfirgefur höfn, skuli hann eða útgerðarmaður skipsins framkvæma lögskráninguna innan sólarhrings eða fela framkvæmdaraðila skv. 2. mgr. 5. gr. lögskráninguna.

Landhelgisgæslan á að halda uppi eftirliti með því að lögum þessum sé framfylgt á hafinu. Ef undanþágúákvæði þessa frumvarps verða að lögum er ólíklegt að nokkurn tíma verði kært fyrir brot gegn lögskráningarlögum. Þá þurfa handhafar lögregluvalds fyrst að athuga hvað er langt síðan skipið fór úr höfn (því fyrstu 24 klst. er í lagi að vera með ranga skráningu) og síðan þarf að spyrja skipstjórann hvort hann hafi nokkuð gert mistök (sbr. heimild til leiðréttingar í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins) og að því loknu, ef skipstjórinn heldur því ekki fram að gerð hafi verið mistök, má kæra. Einnig verður eftirlit með lögskráningu á dagróðrabáta og báta sem fara í styttri veiðiferðir nánast óframkvæmanlegt. Landhelgisgæslan telur að nægilegt sé að gera undantekningu í neyðartilvikum eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

**2. mgr. 8. gr.**

Í þessari málsgrein er verið að lögfesta skyldu Landhelgisgæslunnar til að veita stuttan tíma til leiðréttingar á röngum færslum eða skráningu í lögskráningarkerfið áður en kæra er gefin út. Þetta ákvæði getur valdið nokkrum vanda. Í fyrsta lagi er mismunandi hvernig menn túlka orðalagið „stuttur tími“ en þann tíma þyrfti að skilgreina nákvæmar. Í öðru lagi er þetta óþarfi því að kærán birtist ekki á sakaskrá og hefur engin áhrif gagnvart hinum kærða fyrr en réttmæti kærunnar hefur verið sannreynt hjá ákærvaldinu og ákveðið er að halda áfram með málið. Í þriðja lagi geta menn ávallt borið það fyrir sig að um mistök hafi verið að ræða og erfitt er að hrekja það.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,

  
Dagmar Sigurðardóttir  
lögfræðingur.